



# PICASSO




42. „Vitfirringur“, Vatnslitamynd, 1904. Barr, bls. 29.



43. „Tveir fimleikamenn með hund“ Couache-mynd., 1905. Barr, bls. 34.



45. „Fimleikamaður á bolta“. Penrose, IV. 2.



48. „Fallega hollenska stúlkan“. Olíumálning, gouache og blákrít, 1905. Rubin, bls. 65.

## VII. Rósráuda skeiðið

**V**

ETURINN 1904-1905 málaði Picasso „Leikara“ á sviði fjölleikahúss, fast við lúgu hvíslara, patandi hægri hendi, á bleikum búningi, gegnt grábrúnum bakgrunni. Varð sú mynd honum álíka tíma-mótaverk sem „Bláa herbergið“, 1901. Rósráður litur varð nú ríkjandi á málverkum hans, þótt ekki að sama marki sem blár litur áður, og hnípnar mannverur urðu á brott af þeim. Öðrum þræði deildi hann ekki lengur geði við utangarðsfólk, þótt stökum sinnum rissaði hann upp af því myndir. (Mynd 42).

Picasso var enn útlendingur í Frakklandi, og hann lifði og hrærdist í hópi kunningja sinna, sem allflestir voru myndlistarmenn eða rithöfundar. Fór sá hópur stækkandi og nokkrir úr honum fluttust inn á „Pvotta-prammann“, Guillaume Apollinaire, Max Jacob, Pierre Reverdy. Og þar átti hann nú að kunningjum málara Auguste Herbin, Otto Freundlich og Juan Gris, en gamalkunnur var honum myndhöggvarinn Pablo Gargalo. Þar bjó líka rithöfundurinn Pierre Mac Orlan, sem giftist hafði dóttur veitingamannsins á „Le Lapin Agile“. Tíðir gestir voru rithöfundurinn Alfred Jarry, sem um árabíl hafði þekkt Henri Rousseau tollheimtumann, „málarann með barnshjartað“, Henri Pierre Roché og André Warnod, gagnrýndinn Gustave Coquet og leikararnir Charles Dullin og Harry Baur. Var vinnustofa Picasso kölluð „samkomustaður skáldanna“.

Á upphafi rósráuda skeiðs síns, framan af 1905, málaði Picasso einkum fjöllistamenn, og meðal annarra myndirnar „Tveir fimleikamenn með hund“, (Mynd 43), „Fjölskyldu fimleikamanna með apa“, (Mynd 44), „Drengur með hest í taumi“, (Mynd 45), en í henni bregður til grábrúna lita, og „Fimleikamann á

HARALDUR JÓHANNSSON, SEM RITAÐ HEFUR ÞRÍJÁR GREINAR UM PICASSO Í HELGARBLAÐIÐ AÐ UNDAFÖRNU BIRTIR HÉR FJÓRÐU OG SÍÐUSTU GREIN SÍNA UM MEISTARANN Í TILFNI AF SÝNINGU Á VERKUM HANS HÉR Á LISTA-HÁTÍÐ

bolta“. (Mynd 46). Um vorið dró hann saman sem í kveðjuskyni á stóru málverki (2,10x2,30 m) „Fjölskyldu fjölleikamanna“, fimm fjölleikamenn, sem hann hafði áður teiknað eða málað, ásamt sitjandi stúlku. Á heimsstyrjaldarárunum fyrri var málverk þetta í eigu safnara í München, Hertha von Koenig. Í húsi hennar bjó þá Rainer Marie Rilke, sem minnst þess í upphafs-ordum fimmtu „Duine Elegy“ sinnar: „En seg mér, hverjir eru þeir, þessir fjölleikamenn, okkur sjálfum enn óraunverulegri...“

„Okkur sjálfum enn óraunverulegri“ urðu þó myndverur Picasso ekki miklu lengur. Sumarið 1905 var hann mánuð í Hollandi, í Schoor-edam, í boði rithöfundar, Schilperoort, sem hann hafði kynnst. Málaði hann nokkrar myndir af ljóshærdum stúlkum, sem hann náði rétt í öxl, og er kunnust þeirra, „Fallega hollenska stúlkan“. (Mynd 48). Urðu þá myndverur hans rýmri, meiri umfangs en áður. Og er hann kom aftur til Parísar mótaði hann nokkrar stytur í leir, eins og hann hafði stundum við borið frá 1899. Lét Vollard gera afsteypur af fimm þeirra í brónsi, og var „Spaugarinn“ ein þeirra. (Mynd 49). En brátt tók annað upp hug hans.

Mikil sýning var á Salon d'Automne haustið 1905: Á verkum J.A.D. Ingres sem Picasso þótti teikna manna best, á tíu málverkum eftir Cezanne og þremur eftir Henri Rousseau tollheimtumann og loks í einum salnum á málverkum nokk-

urra ungra málara, sem saman héldu og kallaðir urðu „villingarnir“, Henri Matisse, sem var elstur þeirra, Braque, Derain, Dufy, Friesz, Rouault og Vlaminck. En með Picasso og þeim tókust ekki kynni fyrr en ári síðar. – Um haustið og snemma vetrar málaði Picasso nokkrar andlitsmyndir. Fyrir einni sat eiginkona Ricardo Canals (Mynd 50), en þekktastar eru „Drengur með reykjarpípu“ og „Kona með blævang“ (mynd 51), sem ber sig eins og egypsk væri. Gegnt bláum bakgrunni málaði hann um haustið nakta „Stúlku með blómakörfu“.


„Stúlku með blómakörfu“ seldi Clovis Sagot ungum Bandaríkjamanni, Leo Stein, á 150 franka (um 30 dollara). Hafði hann ásamt systur sinni, Gertrude, hafði málverka-kaup 1902. Þekktu þau Henri Pierre Roché, sem um það sagði: „Það er gaman... ég þekki hann... og stuttu síðar fóru bæði (Leo og Gertrude) og Roché að hitta Picasso... í þá daga var (hann) eins og það hét „laglegur skóburstari“.“ (Gertrude Stein, *The Autobiography of Alice B. Toklas*, Harmondsworth, 1966, bls. 51-52). Svo vel fór á með þeim, að systkinin keyptu í þessari fyrstu heimsókn myndir af Picasso fyrir 800 franka (um 160 dollara eða um 250.000 kr á verðgildi ísl. kr. í dag). Aldrei áður hafði Picasso selt myndir fyrir á bandar nærri svo háa upphæð. Á meðal myndanna kann að hafa verið „Fjölskylda fimleikamanna með apa“. Upp hófst mikill kunn-

ingskapur með Picasso og þeim systkinum, og gerði hann nokkrar teikningar af Leo Stein um veturinn og loks gouache-mynd. Um vorið hóf hann að mála andlitsmynd af Gertrude Stein. Sat hún „80 sinnum“ fyrir að eigin sögn. Færði hún Picasso stundum bandarísk helgarblöð með „Knöld og Tot“ og lyftist þá brúnin á honum. Yfir höfuð myndarinnar málaði hann, er hún sat síðast fyrir, en þá bjuggust þau Fernande til Spánarferðar, því að honum hafði áskotnast farareyri. Vollard hafði keypt af honum 30 myndir á 2.000 franka.


**T**

IL foreldra Picasso í Barcelona var för þeirra fyrst heitið, og þar heilsaði hann upp á vini og kunningja. Nýlega var út komin bók Miguel Utrillo, Domenico Thetocopulus, fyrsta ritid um El Greco. Þaðan héldu þau upp í Pyreneafjöll, til lítils þorps, Gosol, skammt frá Andorra. Teiknaði Picasso þar hvað eina, eins og vandi hans var, landslag, hús og fólk, og málaði líðlega tylft myndna, á meðal þeirra „Konu með braudhleifa á höfði“ (Mynd 52) en andlit hennar er í föstum skorðum, þótt ekki sé það grímukent sem á annarri þessara mynda, „Liggjandi nakinni konu“. Í „Snyrtingu“ standa tvær mannverur gegnt hvor annarri, (nakin kona gegnt annarri klæddri, sem á spegli heldur), og hafði hann síðan þann hátt á allmörgum myndum. Í „Sveitafólk og uxar“, sótti hann uppsetningu til El Greco, í „Jósep með Jesús á barnsaldri“. (Myndir 53 og 54), en við hana lauk hann í París um haustið. Taugaveiki stakk sér niður í Gosol, og þótti honum þá ráðlegast að verða á brott. Fóru þau fjallastíg til Andorra.


Í París haustið 1906 málaði hann á ný höfuð á mynd sína af Gertrude Stein, sem harla ólík var andlitsmynd hans af eiginkonu Ricardo Canals tíu mánuðum áður. Andlit



44. „Fjölskylda fimleikamanna með apa“. Gouache og vatnslitir, 1905.



46. „Drengur með hest í taumi“. Málverk, París 1906. Rubin, bls. 68.



53. „Sveitafólk og uxar“. Málverk, 1906. Barr bls. 49.